

Lyfjakostnaður TR á fyrsta ársþriðjungi (jan-apr) 2008

Lyfjakostnaður Tryggingastofnunar á fyrsta ársþriðjungi 2008

Samantekt

Kostnaður TR á fyrsta ársþriðjungi 2008 nam 2.583 millj. kr. Kostnaður jókst um 14% miðað við sama tíma í fyrra eða um 308 millj. kr. Skýringar á auknum kostnaði eru einkum tvær:

Í fyrsta lagi hefur notkun aukist mikið miðað við sama tíma í fyrra. Sé miðað við fjölda skilgreindra dagsskammta (DDD) hefur notkun aukist um 8%. Svo virðist sem notkun aukist nú hlutfallslega meir en áður.

Í annan stað var krónan talsvert veikari á fyrsta ársþriðjungi 2008 en á sama tíma í fyrra. Lyfjakostnaður TR sveiflast mjög eftir gengi krónunnar því verð meirihluta lyfja er skráð í erlendri mynt, einkum evru og danskri krónu (tengd evru). Evran var að meðaltali 7% dýrari á fyrsta ársþriðjungi 2008 en á sama tíma í fyrra. Slík gengisbreyting eykur lyfjakostnað TR um a.m.k. 4% miðað við það sem ella hefði orðið.

Kostnaður TR hefur aukist mest vegna flogaveikilyfja, geðrofslyfja, þunglyndislyfja og lyfja við ofvirkni.

Tölfræðigagnagrunnur TR

Upplýsingar um almenna lyfjanotkun og lyfjakostnað eru fengnar úr tölfræðigagnagrunni TR og byggja á afgreiddum lyfseðlum sem apótek senda TR með rafrænum hætti. Í tölfræðigrunninum eru eingöngu upplýsingar um notkun lyfseðilsskyldra lyfja afgreiddra úr apótekum, en hvorki upplýsingar um lausasölulyf sem seld eru án lyfseðils né lyf sem notuð eru á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum.

Lyfjanotkun er mæld í fjölda DDD (skilgreindum dagsskömmtum). Skilgreindur dagsskammtur (DDD) miðast við skilgreiningar frá WHO Collaborating Centre (WHOCC) for Drug Statistics Methodology, Norwegian Institute of Public Health. Fyrir þau lyf sem WHO hefur ekki úthlutað DDD er stuðst við skilgreiningar frá Lægimiddelstyrelsen í Danmörku.


ATC flokkun (Anatomical -Therapeutical-Chemical Classification) er flokkunarkerfi þar sem lyf eru flokkuð eftir því í hvaða líffærakerfi þeim er aðallega ætlað að hafa áhrif. Þannig er A flokkur (alimentary) meltingarfæra- og efnaskiptalyf, B flokkur (blood) blóðlyf o.s.frv.

Lyfjadeild Tryggingastofnunar ríkisins, júní 2008

Lyfjakostnaður Tryggingastofnunar fyrstu ársþriðjungar

2007-2008


Mynd 1 Lyfjakostnaður TR fyrstu ársþriðjungar 2007-2008



Tafla 1 Lyfjakostnaður TR fyrstu ársþriðjungar 2007-2008

ATC-númer	Innihaldsefni	Kostnaður TR, millj. kr.		Breyting		Fjöldi DDD, þús. ein.		Breyting	
		2007	2008	millj. kr.	%	2007	2008	þús. ein.	%
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	353	394	40	11%	3.839	3.655	-184	-5%
B	Blóðlyf	31	46	15	49%	1.176	1.399	224	19%
C	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	421	475	54	13%	12.647	14.215	1.569	12%
D	Húðlyf	36	40	3	9%	1.329	1.391	61	5%
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	132	149	16	12%	4.019	4.126	107	3%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	28	35	7	23%	1.047	1.142	95	9%
J	Sýkingalyf	27	29	2	8%	778	864	86	11%
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	120	126	7	6%	302	322	20	7%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	78	92	13	17%	1.932	2.046	114	6%
N	Tauga- og geðlyf	744	860	116	16%	8.093	8.778	685	8%
P	Sníklalyf (skordýræitir og skordýrafætur)	2	2	0	19%	39	41	2	5%
R	Öndunarfæralyf	237	258	21	9%	2.837	3.077	239	8%
S	Augn-og eyrnalyf	60	69	10	16%	341	371	30	9%
V	Ýmis lyf	6	9	3	59%	4	5	1	18%
	Samtals	2.275	2.583	308	14%	38.382	41.431	3.049	8%


Mynd 2 Mesta kostnaðaraukning eftir lyfjaflokki fyrstu ársþriðjungar 2007-2008



Tafla 2 Mesta kostnaðaraukning eftir lyfjaflokki fyrstu ársþriðjungar 2007-2008

ATC-númer	Innihaldsefni	Kostnaður TR, millj. kr.		Breyting		Fjöldi DDD, þús. ein.		Breyting	
		2007	2008	millj. kr.	%	2007	2008	þús. ein.	%
N03A	Flogaveikilyf	116	149	33	28%	454	521	67	15%
N05A	Geðrofslyf (neuroleptica/ antipsychotica)	156	182	26	17%	344	363	19	6%
N06A	Þunglyndislyf (antidepressiva)	226	251	25	11%	3.173	3.437	264	8%
N06B	Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi	96	117	20	21%	419	463	45	11%
C09D	Angiötensín II blokkar í blöndum	71	90	19	27%	1.157	1.401	243	21%
A02B	Lyf við sársjúkdómi og maga- og vélindis bakflæði	196	215	19	10%	2.237	1.913	-324	-14%
R03A	Adrenvirk lyf til innúðunar	161	172	11	7%	1.109	1.182	73	7%
N04B	Dópamínvirk lyf	43	51	9	21%	105	120	15	15%
C09C	Angiötensín II blokkar	65	73	8	13%	1.008	1.176	168	17%
B01A	Segavarnalyf	25	33	8	34%	667	790	123	18%

Mynd 3 Mesta kostnaðaraukning eftir innihaldsefni fyrstu ársþriðjungar 2007-2008



Tafla 3 Mesta kostnaðaraukning eftir innihaldsefni fyrstu ársþriðjungar 2007-2008

ATC-númer	Innihaldsefni	Kostnaður TR, þús. kr.		Breyting		Fjöldi DDD, þús. ein.		Breyting	
		2007	2008	þús. kr.	%	2007	2008	þús. ein.	%
N03AX16	Pregabalín	26.462	46.502	20.040	76%	82	135	53	65%
N06AB10	Escítalópram	50.189	65.512	15.323	31%	676	817	141	21%
R03AK07	Formóteról og önnur lyf g. teppusjúkd. í öndunarv.	51.918	63.242	11.324	22%	236	287	50	21%
A02BC05	Esómeprazól	132.115	143.368	11.253	9%	1.556	1.163	-393	-25%
N05AX12	Aripíprazpól	19.101	29.749	10.648	56%	17	21	4	27%
N06BA09	Atómoxetín	14.295	24.211	9.916	69%	18	28	9	52%
C09DA01	Lósartan og þvagræsilyf	44.603	54.232	9.629	22%	599	701	102	17%
N05AH04	Quetiapín	44.400	52.835	8.435	19%	54	64	10	20%
N06BA04	Metýlfenídat	70.432	78.671	8.239	12%	368	402	33	9%
G03GA06	Follítrópín beta	20.451	28.523	8.072	39%	5	7	2	35%